



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Byggingarfulltrúi

Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um niðurrif á Íslandsbankahúsinu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 12. apríl 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um niðurrif á Íslandsbankahúsinu.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvenær hefja á niðurrif á Íslandsbankahúsinu við Kirkjusand? Íbúar er þreyttir á ófremdarástandi en eigendur segja niðurrif handan við hornið. Spurt er hvað það merkir? Hvenær verður verkinu lokið? Íbúar í nágrenni við Kirkjusandsreitinn nærri Laugardal í Reykjavík furða sig á aðgerðaleyfi í tengslum við myglað hús Íslandsbanka og kalla eftir að skipulagsyfirvöld axli ábyrgð. Lítið sem ekkert virðist hafa verið gert í tengslum við Íslandsbankahúsið, sem hefur staðið autt í sjö ár, þrátt fyrir að ítrekað sé því lýst yfir að nú eigi að rífa það. Á meðan fær myglað húsið að grotna niður og íbúar í hring eru orðnir þreyttir á aðgerðaleyfinu. Fulltrúi Flokks fólksins telur þetta vera ófremdarástand og bjóða upp á ýmsar hættu. Í húsinu hefur verið hústökufólk og unglingar að leika sér á hættulegum stöðum fyrir utan sóðaskap sem fylgir niðurníddri byggingu af þessari stærð. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandssjóðum, sem eiga húsið, eru öll leyfi fyrir niðurrifi komin og gögnin komin á borð Skipulagsstofnunar. Ekkert virðist því vera að vanbúnaði að hefjast handa.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa þann 3. maí 2023.

Umsögn:

Ekki hefur verið gefin heimild í deiliskipulagi fyrir niðurrifi Íslandsbankahússins á Kirkjusandi, en nú er að klárast skipulagsvinna sem heimilar niðurrif þess. Ekki hefur verið talin ástæða að herja á um lagfæringar eða viðhald hússins í ljósi bæði stöðu þess sjálfs og þess að umhverfi þess hefur verið framkvæmdasvæði undanfarin ár. Væntanlega verður ekki langt að bíða umsóknar um niðurrif umrædds húss, þegar deiliskipulagsvinnunni er lokið, en slík umsókn er alfarið í höndum eigenda þess.

Virðingarfyllst,
Nikulás Úlfar Másson
Byggingarfulltrúi